

Ed.

189: Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um það, að mæla með frumvarpi þessu, sem fer fram á nokkrar bætur á launakjörum yfirsetukvenna. En laun þeirra eru nú svo lág, að erfitt er að fá lærðar yfirsetukonur í umdæmin. Eftir lögum frá 1919 eru lágmarkslaun yfirsetukvenna 200 kr. og hækka fimta hvert ár, uns launabótin er orðin 75 kr., þannig, að hámark lægsta launaflokks verður eftir 15 ára þjónustu 275 kr. á ári. Í fólksmörgum umdæmum geta árslaunin orðið 1000 krónur hæst.

Eftir frv. eru lágmarkslaunin 300 kr. og hækka þriðja hvert ár um 50 krónur, þannig, að eftir 12 ára þjónustu ná launin í lægri launaflokkinum 500 kr., en í þeim hærri 1500 kr.

Nefndinni þykir rjett, að yfirsetukonur, sem skipaðar hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi, njóti þegar aldursuppbótar eftir þeim, þannig, að yfirsetukona, er starfað hefir lengur en 3 ár, en skemur en sex ár, skuli fá í árslaun 300 kr. + 50 kr. aldursuppbót, sú, er starfað hefir lengur en sex ár, en skemur en níu ár, fái í árslaun 350 krónur + 50 kr. aldursuppbót o. s. frv., þar til lágmarkinu, 500 kr., er náð eftir 12 ára þjónustu. Að þessu lýtur breytingartillaga nefndarinnar I, 3.

Tillaga nefndarinnar I. 2. er aðeins til skýringar á því, að dýrtíðarupp-
bót á launum yfirsetnkvenna sknli greidd af sömu aðiljum og laun þeirra og
eftir sömu blutföllum og launin.

3. gr. frv. gerir ráð fyrir því að færa lög þessi inn í meginmál laga nr.
76 frá 1919, en þar sem þau lög eru breyting á yfirsetukvennalögum nr. 14 frá
1912, telur nefndin hagfeldara að taka þetta frv., ef það verður að lögum, og
lögin frá 1919, og fella þau inn í meginmál laganna frá 1912; breytingartillög-
urnar I. og II. lúta að þessari lagfæringu. Það er því tillaga fjárhagsnefndar, að
frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

I. Við 1. gr.

1. Á eftir 1. línu komi:

4. gr. yfirsetukvennalaga, nr. 14, 22. okt. 1912, hljóði svo:

2. 2. málslíð 2. málsgreinar skal orða svo: Á laun þessi greiðist dýrtíðar-
uppbót af aðiljum, eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins.

3. Á eftir 2. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þær yfirsetukonur, sem skipaðar hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi,
skulu njóta launahækkunar eftir þjónustnaldri.

II. 3. gr. skal orða svo:

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal færa texta þeirra og laga nr. 76,
28. nóv. 1919, inn í meginmál laga nr. 14, 22. okt. 1912, og gefa þau út svo
breytt sem yfirsetukvennalög.

Alþingi, 14. febr. 1928.

Ingvar Pálmason,
form.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari og framsm.

Björn Kristjánsson.